

**Nd.**

**382. L Ö G**

um beitutekju.

(Afgreidd frá Nd. 3. ágúst).

1. gr.

Sjrhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sin og farvið af skipi sinu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða áró, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart í hvert skifti, sem hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það 10 til 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það 20 til 200 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10.  
nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.